

Nd.

145. Frumvarp til laga

[96. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

3.—5. málsgr. 19. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri svo og örorkustyrk, ef sýnt þykir, að bótaþegi geti ekki komist af án þess.

Við ákvörðun bótaþekkunar samkv. 1.—3. mgr. hér að framan skal lífeyrisdeild taka tillit til afgerandi sérþarfa bótaþega, t. d. bifreiðaeignar og bifreiðarekstrar hreyfihamlaðra.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd bótaþekkana samkv. þessari grein, þar á meðal nánari skilyrði fyrir hækkun bóta eða uppbót.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga hefur verið falið að gera tillögur til lausnar þeim vanda, sem steðjar að öryrkjum, sem þurfa að eiga og reka bifreið við sívaxandi útgjöld, fyrst og fremst vegna hækkunar eldsneytiskostnaðar.

Á tveggja ára tímabili, frá 1. 10. 1977 til 20. 12. 1979 hefur bensínverð pr. líter hækkað úr 88 kr. í 370 kr. eða um 420%. Á sama tíma hefur örorkulífeyrir almanna-trygginga hækkað um 253% eða úr 30 497 í kr. 77 142 á mánuði. Örorkustyrkur, sem er úrskurðaður sem ákveðinn hundraðshluti lífeyris, hefur hækkað samsvarandi.

Nefndin hefur fjallað um ýmsar leiðir, sem færar gætu talist, til að bæta öryrkjum aukin útgjöld vegna hækkunar bensínverðs.

Leið sú, sem hér er stungið upp á, hefur þá kosti að vera tiltölulega einföld, að hliðstæðar uppbætur hafa lengi verið afgreiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins, þannig að hér er ekki húið til nýtt afgreiðslukerfi né vandamál, að uppbætur yrðu úrskurðaðar einstaklingslega, sem ætti að halda misnotkun í algjöru lágmarki og að heildarútgjöldin vegna þessa yrðu þekkt og stýranleg með viðunandi nákvæmni.

Ókostur leiðarinnar er sá, að með þessu er lögð höfuðáhersla á sérþarfir en almenn hækkun bótaréttar situr á hakanum, þótt nærtækast væri að leysa aukinn fjárhagsvanda bótaþega með aukinni almennri samhjálp.

Ákvæði það í 3. mgr. 19. greinar laga 67/1971, sem hér er lögð til breyting á, hljóðar svo:

„Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess.“

Heimild þessi nær aðeins til elli- eða örorkulífeyrisþega en ekki þeirra er fá örorkustyrk skv. 2. mgr. 12. greinar laga 67/1971. Til þess að heimildarákvæði þetta komi að tilætluðum notum þarf að rýmka það eins og hér er lagt til með orðunum: „svo og örorkustyrk.“

Nefndinni þótti rétt að leggja til að 4. mgr. 19. greinar yrði í leiðinni breytt á þann veg, að lögð yrði áhersla á sérþarfir bótaþega en vangaveltum um það, hvernig staðið skuli að könnun á högum bótaþega, sleppt, enda tæpast lagaefni.

Hæfilegur varnagli er settur í niðurlagi 3. mgr.: „ef sýnt þykir að bótaþegi geti ekki komist af án þess.“ Það verður að ganga út frá því, að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins sé fær um að afgreiða slíkt án sérstakrar verklýsingar laganna.

Heimildarákvæði um lífeyrisuppbót hafa verið í gildi allar götur síðan 1946. Fyrstu 10 árin giltu þau aðeins um ellilífeyrisþega en 1956 voru þau einnig látin ná til örorkulífeyrisþega. Fram til 1971 skiptist byrði þessara uppbótageiðslna milli ríkissjóðs og viðkomandi sveitarfélags, en með lögum 67/1971 var þetta lagt með öllu á ríkissjóð.

Tryggingastofnun ríkisins hefur reynt að áætla fjölda þeirra bótaþega, sem gætu átt rétt á uppbót vegna þeirrar breytingar sem hér er lögð til á heimildarákvæðum 19. greinarinnar.

Stofnunin telur að 1000—1100 örorkulífeyrisþegar njóti góðs af 19. gr. Nú er vitað að einungis hluti þessa fólks á eða rekur bifreið. Hins vegar er nokkur, en ennþá ókannaður, fjöldi örorkustyrksþega, sem beinlínis á afkomu sína undir því að komast ferða sinna í eigin bifreið. — Hjá Tryggingastofnun ríkisins eru í gangi um 400 bilalán til öryrkja. Nokkur þeirra lána hafa verið veitt mönnum, sem hafa akstur að atvinnu og fá því eldsneytishækkun uppiborna með hækkun taxta. — Að öllu athuguðu er ósennilegt að fjöldi þeirra bótaþega, sem þessar breytingar gætu tekið til, færi fram úr 250—300 manns. Sé reiknað með 25 km akstri á dag, þ. e. 750 km akstri á mánuði og eyðslu bifreiðar 10 l/100 km, nema bensínkaup þessi kr. 27 750 á mánuði.

Nú yrði uppbót til hvers og eins ákveðin einstaklingslega. Sé gert ráð fyrir meðaluppbót sem svarar 18 þús. kr. á mánuði og 300 bótaþegum yrði hér um að ræða tæplega 65 m.kr. aukaútgjöld Tryggingastofnunarinnar á ári.

Þessar tillögur ganga út frá óbreyttum reglum um örorkustyrk í 12. grein laga 67/1971 og að þeim heimildarákvæðum verði beitt á sama hátt og verið hefur.